



**Félag eldri borgara í
Þingeyjarsveit.
SUMARFERÐ 2015.**

**Farið á Reykjanes og Suðurland
dagana 10.-13. júní.**

Gist á Hótel Hlíð í Ölfusi (þrjár nætur).

1 dagur á Reykjanesið.

1 dagur á Suðurlandið (Eyrarbakki, Stokkseyri, Flóaveitan
og Gunnarsholt).

Á suðurleið: Farið í Þingeyrar, ekið um Uxahryggi og Þingvöll.
Á heimleið: Í skoðun.

Áætlaður kostnaður: 45-50 þúsund á mann.

Innihaldið: Rúta, gisting, morgunverður, léttur hádegisverður og
kvöldverður. Þátttaka tilkynnist til Hallgríms á Daðastöðum,
sími 464-3184 eða Kolbrúnar í Skriðulandi, sími 611-3405 eða
með tölvupósti á ku@hotelraudaskrida.is.

NEFNDIN.

Ný leiktæki í Höllinni á Húsavík 1. mars

Í tilfærni af fjáröflunar- og fjölskyldudegi
handknattleiksdeildar Völsungs mun Bláfjall
ehf verða með 3 nýja hoppukastala ásamt eldri
leiktækjum í Höllinni, Húsavík, **sunnudaginn
1. mars kl.13-16.**

Kr. 1.000,- fyrir 3 – 13 ára. Aht. enginn posi.

Einnig verður til sölu kaffi og veitingar.

Komið og eigið góðan dag – sjón er sögu ríkari
Bláfjall ehf

Litlagerði 6, 640 Húsavík
www.hoppukastalar.123.is

Sunnudagaskóli Einarstöðum



Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi
sunnudag, 1. mars, klukkan 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ SIGRÍÐUR
KOLBEINSDÓTTIR**
Hólabraut, Reykjadal,
(Lindasíðu 4, Akureyri)



lést á Akureyri miðvikudaginn 18. febrúar.
Útförin fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn
27. febrúar og hefst athöfnin kl. 13.30.

Björn J. Guðmundsson
börn, barnabörn og barnabarnabörn.



Aðalfundur Frjálsíþróttaráðs HSB

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 5. mars n.k. á Grænatorgi í Íþróttahöllinni á Húsavík kl. 20:00

Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf og kosning stjórnar ráðsins. Aðeins kjörnir fulltrúar aðildarfélaga HSB hafa atkvæðisrétt á fundinum, en allir eru þó velkomnir sem áhuga hafa á frjálsíþróttastarfi í héraði HSB.

Með von um að sjá ykkur sem flest
Fyrir hönd frjálsíþróttaráðs HSB,
Hulda E. Skarphéðinsdóttir, formaður



Eldri borgarar Pingeyjarsveit

Minum á að í Opnu húsi á Breiðumýri 3.mars verður boðið upp á léttu tölvukennslu. Þeir sem eiga spjaldtölvur eða fartölvur ættu að hafa þær meðferðis.

Allir eru velkomnir þó þeir taki ekki þátt í tölvukennslu.

Starfsfólk í Opnu húsi eldri borgara.

Áður auglýstum kynningarfundum á vegum Rauða krossins sem halda átti fimmtudaginn 26. febrúar verður frestað fram til fimmtudagsins 5. mars. Fundurinn verður á Narfastöðum og hefst kl. 20. Allir sem áhuga hafa á að fræðast og spjalla um starfsemi Rauða krossins eru hjartanlega velkomnir.

Rauði krossinn í Pingeyjarsýslu



7.tbl.
26.febrúar
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Opið hús í Litlulaugaskóla

Nemendur í 9. og 10. bekk Litlulaugadeildar Þingeyjarskóla standa fyrir opnu húsi í Litlulaugaskóla **sunnudaginn 1. mars klukkan 14:00 – 17:00.**



Flóamarkaður

Spákona

Kökubasar

Kaffi og veitingasala

Lifandi skemmtiatriði

Opna húsið er hluti af fjáröflun fyrir skólaferðalag hópsins til Danmerkur í vor.

Allir velkomnir



Svipmyndir eins augnabliks

Ljósmyndir Þorsteins Jósefssonar

Sýningaropnun í Safnahúsinu sunnudaginn 1. mars kl. 14:00

Sýning á ljósmyndum Þorsteins Jósefssonar stendur í listasafn Safnahússins til maíloka. Safn Þorsteins (1907-1967) er eitt stærsta, merkasta og heildstæðasta einkasafn frá síðustu öld sem varðveitt er í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni.

Sýningin er farandsýning frá Þjóðminjasafni Íslands.

Á opnunardaginn er Safnahúsið opið 14-16.

Heitt á könnunni, allir hjartanlega velkomnir.

Safnahúsið er opið alla virka daga 10-16.

Enginn aðgangseyrir að sérsýningum.